


Framleiðsla á gönguseiðum og matfiski
frá árinu 1970 til 1983.

Valdimar Gunnarsson

Reykjavík nóvember

VMST-R/87039



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252
125 Reykjavík.

1.0 INNGANGUR.

Í þessari grein verður tekin fyrir framleiðsla á gönguseiðum, laxi og regnbogasilungi frá árinu 1970 til 1983. Eingöngu verður tekin fyrir framleiðsla hjá fiskeldisstöðum. Framleiðsla hjá hafbeitarstöðvum þessi ár er að finna í grein eftir Valdimar Gunnarsson (1987a). Samantekt á framleiðslu fiskeldisstöðva frá 1984 til 1986 er að finna í grein eftir Arna Helgason (1985, 1986a,b).

Allar upplýsingar sem hér eru birtar um framleiðslu fiskeldisstöðva frá árinu 1980 til 1983 eru fengnar frá forsvarsmönnum þeirra. Upplýsingar um framleiðslu fyrir árið 1980 er að mestu fengnar úr ýmsum greinum um fiskeldi á Íslandi.

2.0 FRAMLEIÐSLA Á GÖNGUSEIÐUM.

Framleiðsla laxagönguseiða frá 1980 til 1983 er að finna í töflu 1. Upplýsingar um fjölda framleiddra seiða frá 1984 til 1986 er að finna í greinum eftir Arna Helgasson (1985, 1986a, 1986b).

Tafla 1. Framleiðsla á gönguseiðum frá 1980 til 1983.				
Stöð	1980	1981	1982	1983
Eldi		26.000	16.000	1.000
Sjóeldi			10.000	15.000
Pólarlax	30.000	150.000	180.000	120.000
Eldisstöðin við Elliðaár	15.000	15.500	27.000	23.000
Laxalón			55.000	60.000
Eldisstöð STVR			9.200	11.600
Laxeldisstöð ríkisins	100.000	100.000	100.000	100.000
Hólalax		60.000	70.000	80.000
Norðurlax	110.000	110.000	135.000	103.000
Fiskeldi Húsavík			2.000	46.000
Samtals	225.000	461.500	604.200	559.600

Yfirlit yfir framleiðslu gönguseiða fyrir árið 1980 hefur ekki verið tekið saman, en hægt er að áætla fjölda framleiddra gönguseiða með að taka saman fjölda seiða í hafbeit, laxveiðiám, eldi og útflutningi. Yfirlit yfir fjölda framleiddra gönguseiða er að finna í töflu 2 hér fyrir neðan.

Tafla 2. Framleiðsla gönguseiða frá 1970 til 1979. Framleiðslan miðast við fjölda gönguseiða í hafbeit, í laxveiðiám, fiskeldi og útflutningi. Allar tölur eru í þús. stk.

	Ár									
	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
Hafbeit	95	17	15	30	83	30	47	30	44	47
Laxveiðiár	140	131	196	182	206	214	193	167	163	152
Fiskeldi			5			15			2	5
Útflutning								30		40
Samtals	235	148	216	214	289	259	240	227	209	244

Upplýsingar yfir fjölda slepptra gönguseiða frá hafbeitarstöðvum er fengnar úr grein Valdimars Gunnarssonar (1987a). Yfirlit yfir fjölda slepptra gönguseiða í laxveiðiár eru bráðabrigðatölur sem sennilega eru of lágar (Sigurður Már Einarsson, Vesturlandsdeild Veiðimálastofnunnar, munnlegar upplýsingar). Hvað fiskeldi varðar var 5.000 gönguseiðum komið fyrir í sjókvíum í Hvalfirði árið 1972 (Ingimar Jóhannsson 1979). Hjá Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði voru gerðar tilraunir með eldi seiða sumarið 1973 og voru notuð 1.600 seiði í þessa tilraun (Arni Isaksson 1976). Árið 1975 hófust tilraunir með sjókvíaeldi á Fáskrúðsfirði og voru 15.000 gönguseiði sett í sjó (Sigurður Arnþórsson, Búlandstindur, munnlegar upplýsingar). Í Lóni í Kelduhverfi hófust laxeldistilraunir árið 1978 með því að 2.000 gönguseiðum var komið fyrir í flotkví og árið eftir var 5.000 gönguseiðum komið fyrir í flotkvíum í Lóni í Kelduhverfi og Kirkjuvog á Reykjanesi (Ingimar Jóhannsson, Fiskifélag Íslands, munnlegar upplýsingar).

Á árunum 1970-79 voru seiði einungis flutt út frá Norðurlaxi, 30 þús seiði árið 1977 og 40 þús. seiði árið 1979 (Valdimar Gunnarsson 1987b).

Framleiðsla seiðaeldisstöðva er nokkuð jöfn á árunum 1970-79 og er yfirleitt rúm 200 þús. gönguseiði. Það er ekki fyrr en árið 1981 að framleiðslan eykst og fer hún upp í 460 þús. gönguseiði.

3.0 FRAMLEIÐSLA Á LAXI.

Framleiðsla á laxi hjá fiskeldisstöðvum hófst ekki fyrr en árið 1977 þegar Pólarsild slátraði 2.0 tonnnum af laxi úr sjókví á

Fáskrúðsfirði (Sigurður Arnþórsson Búlandstindur, Djúpavogi, munnlegar upplýsingar). Í Lóni í Kelduhverfi var slátrað um 5 tonnum árið 1981 (Ingimar Jóhannsson 1982) og 5 tonnum hjá Sjóeldi. En framleiðsla á laxi hófst ekki að marki hér á landi fyrr en árið 1982 þegar ISNO í Kelduhverfi slátraði 30 tonnum af laxi.

Tafla 2. Framleiðsla á laxi hjá fiskeldisstöðvum frá árinu 1977 til og með 1983.

Fiskeldis- stöð	Ár				
	1977	1980	1981	1982	1983
Pólarsíld	2.0				
Eldi h/f		3.0		15.0	
Sjóeldi h/f			5.0	10.3	15.0
ISNO í Kelduhverfi			5.0	30.0	100.0
Samtals	2.0	3.0	10.0	55.3	115.0

4.0 FRAMLEIÐSLA A REGNBOGASILUNGI.

Regnbogasilungseldi hófst hér á landi árið 1951 á Laxalóni að danskri fyrirmynd. Ekki liggja fyrir upplýsingar um framleiðsluna fram að 1977, en það ár stöðvaðist framleislan, þar sem talið var að sjúkdómur væri í eldisfiskinum. Laxalón hóf sína starfsemi aftur árið 1981 og árið 1983 voru framleidd 100.000 regnbogasilungsseiði. Seiðin voru sett í sjó í Hvammsvík í Hvalfirði og var slátrað um haustið sama ár sem 200-500 gr fiski. Alls var slátrað um 25 tonnum.

7.0 TILVITNANIR.

- Arni Helgason, 1985. Framleiðsla fiskeldis- og hafbeitarstöðva á Íslandi árið 1984. Veiðimálastofnun, VMST-R/85005, 13 bls.
- Arni Helgason, 1986a. Framleiðsla íslenskra fiskeldisstöðva á árinu 1985. Veiðimálastofnun, VMST-R/86013, 12 bls.
- Arni Helgason, 1986b. Framleiðsla í íslensku fiskeldi árið 1986. Veiðimálastofnun, VMST-R/86032, 12 bls.
- Arni Isaksson, 1976. The improvement of returns of one-year smolts at the Kollafjörður Fish Farm 1971-73. J.Agr.Res.Icel. 8(1-2):19-26.

Ingimar Jóhannsson, 1979. Tilraunir með laxeldi í sjó í Hvalfirði. Ægir 72(3):129-32.

Ingimar Jóhannsson, 1982. Laxeldistilraunir í Lóni í Kelduhverfi 1980-82. Ægir 75(3):114-8.

Valdimar Gunnarsson, 1987a. Fjöldi slepptra gönguseiða og endurheimtur hjá hafbeitarstöðvum frá 1963 til 1987. Veiðimálastofnun, VMST-R/87032:18 bls.

Valdimar Gunnarsson, 1987b. Útflutningur á laxi og silungi frá árinu 1980 til 1986. Veiðimálastofnun, VMST-R/87038.